

Innritun í framhaldsskóla

Leiðbeiningar
vegna innritunar á haustönn 2021



MENNTAMÁLASTOFNUN

Svanhildur Steinarsdóttir - Menntamálastofnun



MENNTAMÁLASTOFNUN

Mikilvægar dagsetningar

- ▶ **Forinnritun: 8. mars til 13. apríl 2021.**
- ▶ **Lokainnritun: 6. maí til 10. júní 2021.**
- ▶ **Lokadagur úrvinnslu: 28. júní 2021.**
- ▶ **Innritun á starfsbrautir 1.-28. febrúar 2021**
- ▶ Brýna fyrir nemendum að ekki er hægt að sækja um/breyta umsóknum eftir að kerfið lokar (miðnætti 10. júní).

Menntagátt

www.menntagatt.is



MENNTAMÁLASTOFNUN

Umsóknarferli

- ▶ Nemendur fá veflyklabréf frá Menntamálastofnun
- ▶ Sótt er um á www.menntagatt.is
- ▶ Smelltt á „sækja um í hér“
- ▶ Þar er sett inn kennitala nemandans og veflykill
- ▶ Þá er komið inn í forsiðu umsóknar og þar valinn flipinn „umsóknir“
- ▶ Umsókn fyllt út og staðfest í lokin



MENNTAMÁLASTOFNUN

Veflyklar

- ▶ Veflyklar sendir til grunnskólanna og afhentir nemendum þar.
- ▶ Athugið að vegna persónuverndarsjónarmiða geta nemendur ekki lengur fengið annað eintak í skólanum týni þeir veflyklum sínum heldur verða foreldrar að sækja lykilinn.
- ▶ Foreldrar/forráðamenn fá sent kynningarbréf varðandi innritunina.
- ▶ Foreldrar geta sótt veflykil fyrir börn sín með því að fara sjálfir inn í umsókn og nota til þess Íslykil eða rafræn skilríki, fara inn í flipann „veflyklar“ á forsíðu umsóknar og afrita þaðan veflykil nemandans.
- ▶ Þá er farið aftur inn á Menntagátt og kennitala og veflykill nemandans settur inn í „innskráning með veflykli Menntagáttar“.



MENNTAMÁLASTOFNUN

Inntökuskilyrði og reglur við innritun

- ▶ Framhaldsskólar setja sjálfir reglur um inntöku og þar með talið hvort þeir haldi eftir plássum fyrir nemendur úr nærumhverfi sínu.
- ▶ **Upplýsingar um þær reglur sem skólarnir setja sér er hægt að nálgast á heimasíðum skólanna.**
 - **Nemendur verða að kynna sér þetta vel.**
- ▶ Framhaldsskólar horfa til hæfnimats úr grunnskóla þegar nemendur eru metnir inn.



MENNTAMÁLASTOFNUN

Áhersluatriði

- ▶ Velja skal skóla á „skynsamlegan“ hátt með tilliti til krafna sem skólarnir gera og námsgengi nemendanna sjálfra.
- ▶ Setja í fyrsta val þann skóla sem þeir vilja helst uppfylli þeir inntökuskilyrðin, en setja í annað val skóla sem hugsanlega þarf ekki eins háar einkunnir inn í.
- ▶ Gera þeim grein fyrir stöðunni sem gæti myndast ef sótt er um tvo vinsæla skóla sem þeir kæmst hugsanlega ekki inn í.



MENNTAMÁLASTOFNUN

Innritunarferlið

Forinnritun (8. mars til 13. apríl):

- ▶ Hvetja nemendur til að sækja um á þessu tímabili.
- ▶ Nemendur sækja um tvo skóla og setja í fyrsta val þann skóla sem þeir vilja helst fara í.
- ▶ Nemendur velja tvær brautir innan hvors skóla og forgangsraða þeim.
- ▶ Framhaldsskólar fá eingöngu fjöldaupplýsingar úr forinnritun - ekki hvaða einstaklingar eru á bak við umsóknirnar.



MENNTAMÁLASTOFNUN

Innritunarferlið

Lokainnritun 6. maí til 10. júní.

- ▶ Ef áhugi nemandans eða forsendur hafa ekki breyst frá forinnrituninni þarf ekki að aðhafast neitt á tímabili lokainnritunar.
- ▶ Nemendur sem vilja breyta umsóknum geta gert það til miðnættis 10. júní (alls ekki mælt með að breytingar séu gerðar á síðustu stundu).



MENNTAMÁLASTOFNUN

Innritunarferlið

Úrvinnsla umsókna:

- ▶ Eftir að innritun lýkur þann 10. júní tekur við tími þar sem skólar forgangsraða umsóknum og innritunarkerfið vinnur úr þeim.
- ▶ Framhaldsskólarnir fá lista yfir sína umsækjendur og forgangsraða þeim eftir reglunum sem þeir setja sér við innritunina (einkunnir ráða lang mestu þar um).
- ▶ Skólarnir afgreiða allar umsóknir jafnt óháð fyrsta eða öðru vali - Menntamálastofnun hefur eftirlit með þessu vinnuferli.
- ▶ Umsækjendur úr 10. bekk sem sótt hafa um skólavist eiga að vera komnir með skólavist í síðasta lagi 28. júní.



MENNTAMÁLASTOFNUN

Innritunarferlið

- ▶ Allir nemendur sem eru að útskrifast úr 10. bekk og eiga staðfestar umsóknir eiga rétt á skólavist lögum samkvæmt.
- ▶ Ef nemandinn fær ekki skólavist í þeim skólum sem hann sótti um færast umsóknin til Menntamálastofnunar sem finnur nemandanum skólavist.
- ▶ Skólavist er valin með tilliti til eftirfarandi þátta:
 - Hvar eru laus pláss
 - Braut sem viðkomandi óskar eftir að komast inn á
 - Lögheimili/búsetu
 - Ekki haft samband við nemendur



MENNTAMÁLASTOFNUN

Úthlutun á skólavist

- ▶ Yfirleitt tekst að koma „skólalausum“ nemendum inn í framhaldsskóla í þeirra nærumhverfi, en þó ekki öruggt.
- ▶ Misskilnings gætir um að nemendur eigi örugga skólavist í „heimaskóla“ ef annað bregst.
- ▶ Ef nemandi hafnar skólavist sem honum er boðin (umsókn samþykkt af skóla eða honum úthlutuð skólavist), er það á hans ábyrgð og telst lagaskyldu fullnægt.

Úthlutun á skólavist

Afgreiðsla á umsóknum nýnema haust 2020 (m.v. lista 1. okt.)

	Fjöldi	Hlutfall
Samþykktar umsóknir í 1. vali	3685	86,5%
Samþykktar umsóknir í 2. vali	463	10,9%
Ósamþykktar umsóknir	111	2,6%
Samtals	4259	100%



MENNTAMÁLASTOFNUN

Mikilvægt að hafa í huga

- ▶ Ef greiðsluseðill frá skóla sem býður skólavist er ekki greiddur fyrir tilgreindan gjalddaga/eindaga er litið svo á að nemandinn hafi hafnað skólavist.
- ▶ Til að lenda ekki í því að vera skólalausir skal hvetja nemendur til að greiða greiðsluseðilinn þrátt fyrir að þeir hafi vonir um að komast inn í annan skóla á eigin vegum.



MENNTAMÁLASTOFNUN

Mikilvægt að hafa í huga

- ▶ Inntökuskilyrði eru breytileg eftir brautum og skólum.
- ▶ Stjörnumerкта einkunn úr einhverjum námsgreinum merkir að nemandi þarf að byrja á því að sækja um á almennum brautum eða framhaldsskólabrautum ætli þeir sér í áframhaldandi nám sem krefst ákveðinna inntökuskilyrða.
- ▶ Velja skal skóla á „skynsamlegan“ hátt með tilliti til krafna sem skólarnir gera og námsgengi nemendanna sjálfra.



MENNTAMÁLASTOFNUN

Mikilvægt að hafa í huga

- ▶ Muna að staðfesta umsókn sínar svo hún taki gildi og verði sýnilegar skólunum.
- ▶ Hvetja nemendur til að sækja um tímanlega og draga það ekki fram á síðustu stundu.



MENNTAMÁLASTOFNUN

Aðstoð við nemendur vegna innritunar

- ▶ Svanhildur Steinarsdóttir og Rúnar Helgi Haraldsson hjá Menntamálastofnun veitir allar upplýsingar varðandi innritunarferlið og vegna Menntagáttarinnar.
- ▶ Símanúmer Menntamálastofnunar er 514 7500.
- ▶ Netfangið er innritun@mms.is.
- ▶ Facebooksíða fyrir nemendur: „Ráðgjöf vegna innritunar í framhaldsskóla“.
- ▶ Vísa á heimasíður framhaldsskólanna varðandi upplýsingar um námsframboð og inntökuskilyrði.